

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/994
komudagur 12.12.2012

From: valgerdur.run.benediktsdottir@anr.is [<mailto:valgerdur.run.benediktsdottir@anr.is>]
Sent: 12. desember 2012 11:08
To: Helgi Hjörvar; Eiríkur Áki Eggertsson
Cc: gudmundur.k.karason@anr.is; bergthor.magnusson@utn.stjr.is; johanna.b.bjarnadottir@utn.stjr.is
Subject: Stefna ESA vegna tilskipunar 2008/48 (neytendalán)

Komið þið sælir

Í gær barst atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu erindi frá EFTA-dómstólnum, dags. 4. desember 2012, þar sem framsend er stefna Eftirlitsstofnunar EFTA gegn Íslandi, dags. 29. nóvember 2012. Málið varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE.

Með stefnunni hefur Eftirlitsstofnun EFTA höfðað mál gegn Íslandi með vísan til 2. mgr. 31. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn. Í 31. gr. kemur fram að telji Eftirlitsstofnun EFTA að EFTA-ríki hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum og ríki breyti ekki í samræmi við rökstutt álit frá Eftirlitsstofnun EFTA innan þess frests sem gefinn er, getur stofnunin vísað málinu til EFTA-dómstólsins.

Í stefnunni óskar Eftirlitsstofnun EFTA eftir yfirlýsingu EFTA-dómstólsins þess efnis að Ísland hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt ofangreindri tilskipun og 7. gr. EES-samningsins, með því að innleiða ekki ofangreinda tilskipun eða tilkynna ekki um innleiðingu á henni til Eftirlitsstofnunar EFTA innan tilgreindra tímamarka.

Þar sem frumvarp til innleiðingar á umræddri tilskipun er nú til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis (Frumvarp til laga um neytendalán, þingskjal 228 - 220. mál) taldi ráðuneytið rétt að vekja tafarlaust athygli nefndarinnar á málinu.

Með bestu kveðju,
Valgerður

[Bestu kveðjur / Best regards](#)
[Valgerður Rún Benediktsdóttir](#)
[Skrifstofustjóri / Director General](#)